(Til gleðinnar II-2)




TIL GLEÐINNAR II

Hugljúfa gleði, þinn hreimur mig kætir,
hlæjandi faðma' eg þig dísin mín góð.
Lífgandi eru þeir söngtónar sætir
er senda þín ástkæru fagnaðarljóð.

Sorgin, ef kemur, segi ég óðar:
Síst áttu erindi' til mín, Ha!
Skemmirðu fyrir mér skemtanir góðar
skundaðu aftur á burt. Tra-la-la.

Nú er ég bæði frjáls og frý
og faðma þig, gleðin mín, á ný.
Gleðinnar vængi ég gullbjarta tek,
glepjandi kvíðann í burtu ég hrek.